

# Límtré

Loforð um góða lausn

CE
vottað

www.limtrevirnet.is

LímtréVírnet

www.limtrevirnet.is



Við viljum benda á heimasíðu okkar, **limtrevirnet.is** en þar

## Hvað er límtré?

Límtré er búið til úr samlímdum viðarborðum sem gefur því mikinn styrk og stöðugleika. Límtré er notað í margs konar mannvirki, bæði stór og smá.

## Margar gerðir burðarvirkja eru framleiddar úr límtré

- Límtrésbitar með allt að 25 metra spennivídd.
- Límtrésrammar með allt að 55 metra spennivídd.
- Samsettar límtréssperrur fyrir miklar spennivíddir.
- Límtréssúlur, límtrésbogar og margt fleira.
- Allar nauðsynlegar festingar og boltar.





má nálgast frekari upplýsingar um vöruúrval fyrirtækisins.

## Staðlaðar stærðir

Límtré Vírnet framleiðir allar gerðir af límtrésbitum, bognum og beinum. Staðlaðar breiddir eru 45 mm, 55 mm, 65 mm, 90 mm, 115 mm, 140 mm, 160 mm, 185 mm og 210 mm.
Aðrar breiddir eru sérframleiddar eftir óskum.

Fjalaþykktir eru 45mm og eru staðalhæðir margfeldi þar af.




## Framleiðslugæði

Allt límtré er GL30c samkvæmt IST EN 14080:2013 og er framleitt úr vélflokkuðu greni frá Skandinavíu. Framleiðsla á límtré er CE vottuð af Norsk Treteknisk Institut.

Í límtrésbita er notað MUF-lím, ljóst melamín-úrea lím sem samþykkt er fyrir límtrésburðarvirki, bæði fyrir utan- og innanhússaðstæður og rakaflokka 1, 2, og 3 samkvæmt EN 301:2013.

## Vistvænar byggingar úr límtré

Með vistferilsgreiningum (Life Cycle Assessment) hefur verið sýnt fram á að umhverfisáhrif eru minni við byggingu og rekstur húsnæðis þar sem notað er límtré í burðarvirki en samsvarandi byggingu þar sem notað er stál eða steypa. T.d. voru gróðurhúsaáhrifin u.þ.b. 10% hærri fyrir steinsteypubyggingu og u.þ.b. 50% hærri fyrir stálgrindarbyggingu.



## Helstu kostir límtrés eru:

- Sterkt
- Sveigjanlegt
- Hlýlegt
- Fallegt
- Endingargott
- Einangrar vel
- Brunaþolið
- Auðvelt í flutningi
- Fljótlegt í uppsetningu
- Vistvænt
- Endurnýtanlegt
- Hagkvæmt

# Burðarvirki úr límtré

| Burðarvirki | Lýsing | Þakhalli | Spennivídd | Þversnið hæð |
|---|---|---|---|---|
|  | Beinn burðarbiti | | < 25 m | $h \sim \frac{l}{17}$ |
|  | Söðulbiti / púltbiti | 3-10° | 10-30 m | $h \sim \frac{l}{30}$ $H \sim \frac{l}{16}$ |
|  | Boomerang-biti | 3-15° | 10-20 m | $h \sim \frac{l}{30}$ $H \sim \frac{l}{16}$ |
|  | Togbandssperra | >14° | 15-25 m | $h \sim \frac{l}{30}$ |
|  | Bogabiti með eða án togbands | $\frac{f}{l} > 0{,}144$ | 20-100 m | $h \sim \frac{l}{50}$ |
|  | Þriggja liða rammi með stífum hornum | >14° | 8-24 m | $h \sim \frac{s1+s2}{15}$ |
|  | Þriggja liða rammi, horn útbyggð eða bogaformuð | >14° | 12-55 m | $h \sim \frac{s1+s2}{15}$ |

LímtréVírnet

www.limtrevirnet.is








## Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfólk Límtré Vírnet býr yfir mikilli reynslu og þekkingu og eru ávallt reiðubúnir að veita viðskiptavinum sérhæfða ráðgjöf við lausn verkefna frá upphafi til verkloka. Öllum verkum fylgja nákvæmar vinnuteikningar og efnislistar.


Aðalnúmer: **412 5300** | Söludeild: **412 5350** | Netfang söludeildar: **sala@limtrevirnet.is**

**Aðalskrifstofa** | Borgarbraut **74** | 310 Borgarnes

**Söluskrifstofa** | Vesturvör **29** | 200 Kópavogur